

Landmótun ehf
Óskar Örn Gunnarsson
Hamraborg 12 5h
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. september 2014
Tilvísun: UST20140800098/ksj

Tillaga að deiliskipulagi fiskeldis/iðnaðarsvæðis í Norður-Botni Tálknafjarðarhreppi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Tálknafjarðarhrepps er barst 22. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi á framkvæmdum vegna 400 tonna fiskeldis í Norður-Botni.

Í greinargerð kemur fram að stærð skipulagssvæðisins sem er í landi Norður-Botns í Tálknafirði er um 130 ha. Svæðið tekur yfir Keldeyri, heimatún vestur fyrir Botnsá og fram dalinn þar sem núverandi borholur og vatnslagnir eru. Tvær opnar efnisnámur eru í árfarvegi Botnsár. Á heimatúnu eru byggingar samtals 836,9 m² í þremur samþyggðum byggingum. Manngerðar eldistjarnir um 3 ha eru í fjörunni neðan bygginganna og eldistjarnir 0,7 ha eru á Keldeyri.

Náttúruminjar

Í umfjöllun um náttúrufar kemur fram að gróðurfar hafi lítið verið rannsakað, og einnig kemur fram að talsverðar leirur séu í botni fjarðarins og þær hafa ekki heldur verið rannsakaðar. Á öðrum stað í greinargerðinni kemur fram að til standi að rannsaka leirur áður en til frekari stækkunar komi. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta sjávarfitjar og leirur sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Þar sem stórum hluta leira og sjávarfitja í botni Tálknafjarðar hefur nú þegar verið raskað þarf að mati Umhverfisstofnunar að rannsaka og varðveita þær leirur sem enn eru ósnortnar og raska þeim ekki frekar.

Einnig kemur fram í greinargerð að engar náttúruminjar séu skráðar í botni Tálknafjarðar. Umhverfisstofnun bendir á að umræddar leirur eru náttúruminjar skv 37. g. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þótt þær séu ekki á náttúruminjaskrá.

Iðnaðarsvæði og starfsemi

Gert er ráð fyrir 5 iðnaðarsvæðum í landi Norður-Botns. Þau eru I3, I10, I11, og I12 sem eru ætluð fyrir fiskeldi og/eða heitavatnsborholur og svæði I19 er ætlað fyrir smávirkjun.

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að ofangreind iðnaðarsvæði séu merkt inn á uppdrátt til skýringar. Á jörðinni eru 11 heitavatnsholur og 4 kaldavatnsholur sem eru merktar og er það vel. Fram kemur í greinargerð, að í dag rekur landeigandi fiskeldi í núverandi byggingum og eldistjörnum skv. rekstrarleyfi fyrir 200 tonna ársframleiðslu en áætlar að auka

framleiðslu í 400 tonna ársframleiðslu. Umhverfisstofnun ítrekar að skv. 4. gr. laga nr. 71/2008, um fiskeldi með síðari breytingum skal senda umsóknir um starfsleyfi og rekstrarleyfi samtímis til Matvælastofnunar, sem sér um að senda umsókn um starfsleyfi til leyfisveitanda.

Umhverfismat

Í umhverfisskýrslu kemur fram að skipulagsáætlunin falli undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Skv. gr. 1.g í 2. viðauka laga nr. 106/2000 er þauleldi þar sem ársframleiðsla er 200 tonn eða meiri og fráveita er til sjávar framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Í 6. gr. ofangreindra laga kemur einnig fram að séu framkvæmdir áætlaðar sem tilgreindar eru í 2. viðauka þeirra, þá beri framkvæmdaraðila að tilkynna Skipulagsstofnun um hana.

Í umhverfismati þar sem valkostir eru metnir kemur fram að svæðið sé þegar byggt þannig að áhrif uppbyggingar séu óveruleg, en að rými til stækkunar sé þó takmarkað og stækkun geti gengið á rými til útvistar. Umhverfisstofnun bendir á að eitt sé að nýta mannvirki sem eru þegar fyrir hendi og annað að hefja nýframkvæmdir á svæði sem er innan við 50 metra frá ströndinni. Í skipulagsreglugerð nr. 09/2013 kemur fram í gr. 5.3.2.14 að á svæðum utan þéttbýlis skuli ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m.

Einnig segir í umhverfismati að áhrif uppbyggingar hafi takmörkuð áhrif þar sem um er að ræða stækkun á núverandi mannvirkjum. Að mati Umhverfisstofnunar er ljóst að áhrif bygginga verða veruleg, enda um ræða rúmlega 7000 fermetra sem reisa á í landi Norður-Botns og 8000 þúsund fermetra á Keldeyri. Að mati stofnunarinnar eru sjónræn áhrif af byggingunum vanmetin og í raun skortir umfjöllun um þau í umhverfismati nema í niðurstöðu þar sem fram kemur að áhrifin verði fyrst og fremst sjónræn án þess að um áhrifin eða mögulegar mótvægiságerðir sé fjallað nánar. Að mati stofnunarinnar munu áhrif á landslag og útvistargildi svæðisins vera neikvæð. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að sjónræn áhrif verði milduð með litavali sem fellur að umhverfinu.

Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um frágang efnistökusvæða og telur mikilvægt að höfð verði eftirfyldni til þess að frágangur verði skv. lýsingu í greinargerð. Einnig tekur Umhverfisstofnun undir áætlanir um rannsóknir og vöktun.

Niðurstaða

Athygli vekur að framkvæmdir við ofangreinda stækkun á fiskeldi eru langt komnar þó að deiliskipulagsferli vegna framkvæmdanna sé ekki lokið. Einnig er ljóst að slóðar um leirurnar eru fleiri en sýndir eru á uppdrætti. Í ofangreindri deiliskipulagstillögu kemur fram að eldisker frá fyrri starfsemi verði notuð, en ekki kemur fram hve mörg þau eru.

Umhverfisstofnun bendir á að þegar hafa verið gerð ný ker í leirur, þótt framkvæmdaleyfi ætti ekki að vera fyrir hendi þar sem ferli skipulags er ekki lokið. Umhverfisstofnun bendir einnig að á uppdrætti eru 2 efnistökustaðir merktir þar sem taka á efni úr Botnsá, en nú þegar fer fram efnistaka af þessum efnistökusvæðum og úr árfarveginum alls staðar á milli hinna uppgefnu efnistökustaða. Að mati Umhverfisstofnunar ætti þar af leiðandi allt efnistökusvæðið að vera merkt á kort og fjallað um það í umhverfismati.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Sérfræðingur